



Kópavogsbær

Jafnréttis- og mannréttindastefna

UM STEFNUNA

Í Kópavogi býr fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn og þarfir. Tilgangur þessarar stefnu er að öll fái notið mannréttinda og hafi tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Stefnan er almennt orðuð svo hún hafi víða skírskotun til alls samfélagsins. Þá skal stefna þessi vera leiðbeinandi fyrir svið og stofnanir bæjarins hvað varðar jafnrétti og mannréttindi. Í þessari stefnu er sérstaklega vakin athygli á málefnum minnihlutahópa sem og málefnum barna og aldraðra.

Stefnuáherslurnar eru fjórar;

- Jafnrétti og mannréttindi
- Menntun, tómstundir og atvinna
- Aðgengi
- Fjölbreytt samfélag og inngilding

Jafnréttis- og mannréttindastefnan er unnin með Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sérstök áhersla var lögð á eftirfarandi Heimsmarkmið;

Heilsa og vellíðan

Menntun fyrir alla

Jafnrétti kynjanna

Góð atvinna og hagvöxtur

Nýsköpun og innviðir

Aukinn jöfnuður

Stefna þessi er unnin af jafnréttis- og mannréttindaráði Kópavogsbæjar. Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs 12. 12. 2023 (2210956).



JAFNRÉTTI OG MANNRÉTTINDI

- Öll eiga að hafa jafnt aðgengi og jafnan rétt á þjónustu bæjarins óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu.
- Huga þarf sérstaklega að einstaklingum í viðkvæmri stöðu og jaðarsettum hópum. Tryggja skal aðgengi þeirra að þjónustu bæjarins.



MENNTUN, TÓMSTUNDIR OG ATVINNA

- Öll börn eiga að hafa jafnt aðgengi að viðeigandi þjónustu hjá mennta- stofnunum bæjarins.
- Öll börn eiga að hafa möguleika á þátttöku til skipulagðs tómstunda-, frístunda- og sumarstarfs við hæfi óháð fötlun eða öðrum áskorunum.
- Fólk af ólíkum uppruna sé hvatt til að nýta þjónustu bæjarins, sér í lagi barnafjölskyldur.
- Félags- og þjónustumiðstöðvar eldri borgara bjóði upp á tómstundastarf sem henti þeim fjölbreytta hópi sem eldri borgarar bæjarins eru.
- Auka fjölbreytileika í atvinnulífi bæjarins og m.a. fjölga hlutastörfum. Öll hafi kost á að leggja sitt af mörkum þó að einstaklingar búi við skerta starfsgetu.



AÐGENGI

- Upplýsingagjöf á vegum bæjarins, þar á meðal vefsíða, eyðublöð og annað útgefið efni, sé öllum aðgengilegt óháð tungumálakunnáttu, fötlunar eða annarra áskorana.
- Íbúar bæjarins hafi aðgang að þjónustu sem mæti þörfum íbúa og hvetji til sjálfstæðrar búsetu.
- Tryggja aðgengi fatlaðra að opinberum svæðum og stofnunum bæjarins.



FJÖLBREYTT SAMFÉLAG OG INNGILDING

- Auka fræðslu hjá starfsfólki bæjarins um fjölbreytileika og inngildingu.
- Efla færni eldri íbúa til þátttöku í stafrænum heimi.
- Stuðla að inngildingu íbúa með fjölbreyttan tungumála- og menningar- bakgrunn sem og þeirra sem glíma við jaðarsetningu.

